



27. nóvember 2020
2011100

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 17. nóvember 2020, óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Þjóðhagsstofnun, 130. mál.

Frumvarpið er nú flutt í fjórða sinn. Með því er lagt til að stofnuð verði Þjóðhagsstofnun til að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum. Flutningsmenn leggja áherslu á að Alþingi hafi aðgengi að hlutlausri greiningu aðila sem tengist þinginu til að meta aðgerðir í efnahagsmálum og samspil þeirra.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við að efnahagsleg ráðgjöf við þingmenn verði eflað með einhverjum hætti og möguleikar þeirra til að láta framkvæma sjálfstæðar greiningar verði auknir. Verði sú leið farin að koma á fót nýrri ráðgjafarstofnun á sviði efnahagsmála, fremur en að efla stofnanir, ráð og nefndir sem fyrir eru, þarf hins vegar að huga að skilvirkni verkaskiptingar innan stjórn-sýslunnar.

Seðlabankinn mælir t.d. eindregið gegn því að nýrri ráðgjafarstofnun verði falið að færa þjóðhagsreikninga. Hagstofa Íslands nýtur nú þegar verulegs sjálfstæðis til að færa þjóðhagsreikninga samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Í öllum nálægum löndum er gerð þjóðhagsreikninga fyrst og fremst á verksviði slíkra stofnana og tekur Hagstofan virkan þátt í samstarfi hagstofa Evrópuríkja og öðru alþjóðlegu samstarfi, m.a. um gerð þjóðhagsreikninga. Seðlabankinn telur að sjálfstæði og trúverðugleiki nýrrar stofnunar yrði minni en Hagstofan nýtur nú, auk þess sem veruleg samlegð myndi glatast. Að auki er hætt við óskilvirkni og ósamræmi á milli hagtalna um efnahagsmál, s.s. þjóðhagsreikninga, utanríkisverslunar, greiðslujafnaðar, opinberra fjármála og efnahagsreikninga fjármálafyrirtækja verði söfnun og úrvinnsla þeirra á forræði þriggja stofnanna í stað tveggja nú. Flestum verkefnum sem talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins er þegar sinnt af Hagstofunni og Seðlabankanum og rök eru ekki færð fyrir því að þeim yrði betur sinnt af nýrri stofnun.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri